

3. gr.

Um meðferð mála út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 frá 23. maí 1964, um húsfjárhald í kaupstöðum og kaupsbýum til þess að öðlast gildi frá 1. október 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

27. ágúst 1979.

Nr. 362.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 9.17% frá 1. september 1979 frá því sem þær voru í ágúst 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. ágúst 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

20. ágúst 1979.

Nr. 363.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu fyrir aldraða skal greiða gjald, sem nemur hálfu tímakaupi, samkvæmt samningum Starfsmannafélagsins Sóknar fyrir hverja unna vinnustund miðað við laun og orlof.

Gjald reiknast ársfjórðungslega 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember og skal standa á hálfum og heilum tug.

2. gr.

Þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu, sbr. ákvæði 11. gr. reglugerðar um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

Með ellilífeyri er hér átt við ellilífeyri, uppþætur þ. m. t. tekjutrygging og heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ellilífeyrisþegar greiða aldrei hærri gjald eftir heimilisþjónustu en sem nemur tekjum umfram ellilífeyri, eins og hann er skilgreindur hér.